Hinn 1. júní 1973 var Nordischer Maschinenbau Rud. Baader, 2400 Lübeck, Þýskalandi, veitt einkaleyfi hér á landi, nr. 836, á tæki til vélrænnar vinnslu fisks.

Hinn 9. júní 1973 var Libbey-Owens-Ford Company, Toledo, Ohio, Bandaríkjunum, veitt einkaleyfi hér á landi, nr. 837, á tæki til að framleiða margfaldar samtengdar þynnur, sem einungis eru úr gleri.

Hinn 24. júlí 1973 var Telefunken, Patentverwertungsgesellschaft m. b. H., 7900 U/m/Donau, Elisabethenstr. 3, og Telec-Telefunken-Decca Schallplatten G.m.b.H., 2000 Hamborg 19, Þýskalandi, veitt einkaleyfi hér á landi, nr. 838, á aðferð til að gefa frá sér aftur merki, sem geymd hafa verið, og tæki til að framkvæma þetta.

Hinn 16. október 1973 var Grefco Inc., 1520 Street, Philadelphia, Pennsylvania 19102, Bandaríkjunum, veitt einkaleyfi hér á landi, nr. 839, á aðferð til að göfga (beneficate) kísilgúrjörð og afurðir hennar.

Hinn 16. október 1973 var Nordischer Maschinenbau Rud. Baader, 2400 Lübeck, Þýskalandi, veitt einkaleyfi hér á landi, nr. 840, á aðferð og tæki til að hausskera og slógdraga fisk, sem veiðist í torfum.

Hinn 16. október 1973 var VioBin Corporation, Champaign, Ill., Bandaríkjunum, veitt einkaleyfi hér á landi, nr. 841, á aðferð til mjölbræðslu í stöðugri vinnslu.

Hinn 22. október 1973 var Compagnie Pechiney, 23 rue Balzac, París 8émé, Frakklandi, og Electrification, Charpente, Levage 58, rue Carnot Faches-Thumesnil (Nord), Frakklandi, veitt einkaleyfi hér á landi, nr. 842, á aðferð til aðfærslu súráls til bræðslu í rafgreiningarkerum og útbúnaður til notkunar þessarar aðferðar.

Hinn 26. október 1973 var Roger S. Sprankle, 2051 Woodlyn Road, Pasadena, California, Bandaríkjunum, veitt einkaleyfi hér á landi, nr. 843, á sérstöku raforkukerfi.

Nr. 427.

## EMBÆTTI, SÝSLANIR M. M.

**1972:**

17. nóvember var Maurice Manin veitt formleg viðurkenning til þess að vera ræðismaður Íslands í Lyon.

7. desember voru eftirgreindir menn kjörnir í Æskulýðsráð ríkisins til tveggja ára frá 8. desember að telja: Hannes Þ. Sigurðsson, Tryggvi Gunnarsson og Pétur Einarsson aðalmenn. Varamenn þeirra Hafsteinn Þorvaldsson, Þorbjörn Broddason og Arnbjörn Kristinsson. Unnar Stefánsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, varamaður hans, Hermann Sigtryggsson. Örlygur Geirsson var endurskipaður formaður og Indriði H. Þorláksson, varaformaður.

19. desember var Sverrir Einarsson skipaður til að vera sakadómari við sakadómaraembættið í Reykjavík frá 1. janúar 1973 að telja.

20. desember var gefið út leyfisbréf hana Jóni Viðari Arnórssyni til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Birni Ívari Karlssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

22. desember var gefið út leyfisbréf handa Steinari Þorsteinssyni til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

27. desember var Heimir Áskelsson skipaður lektor í ensku máli í heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. janúar 1973 að telja, og jafnframt verið veitt lausn frá kennaraembætti við Menntaskólann við Hamrahlíð frá sama tíma.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Halldóri Þ. Snæland til þess að mega kalla sig aðstoðarlyfjafræðing og starfa sem slíkur hér á landi.

29. desember var gefið út leyfisbréf handa Teiti Jónssyni til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Sigurði S. Magnússyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp.

1973:

1. janúar var Helga Elíassyni, fræðslumálastjóra, veitt lausn frá deildarstjórastarfi í fræðslumáladeild menntamálaráðuneytisins frá s. d. að telja, að eigin ósk.

S. d. var Guðmundi Þór Pálssyni, arkitekt, veitt lausn frá deildarstjórastarfi í byggingadeild menntamálaráðuneytisins frá s. d. að telja, að eigin ósk.

2. janúar var Júlíus Sólnes, lic. techn., skipaður prófessor í byggingarverkfræði, steinsteypuvirkjun, í verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands frá 15. desember 1972 að telja.

S. d. var Sigurður B. Jónsson skipaður fulltrúi við embætti bæjarfógetans á Húsavík og sýslumannsins í Þingeyjarsýslu frá 1. jan. 1973 að telja.

S. d. voru Ásgeir Pétur Ásgeirsson og Ólafur B. Árnason skipaðir fulltrúar við embætti bæjarfógetans á Akureyri og sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu frá 1. jan. 1973 að telja og Bogi Nilsson skipaður aðalfulltrúi við sama embætti frá sama tíma.

S. d. var Haraldur Henrysson skipaður aðalfulltrúi við embætti bæjarfógetans í Kópavogi frá 1. jan. 1973 að telja og Barði Þórhallsson og William Thomas Möller skipaðir fulltrúar við sama embætti frá sama tíma.

S. d. var Sigurður H. Stefánsson skipaður aðalfulltrúi við embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði og sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 1. jan. 1973 að telja og Guðmundur L. Jóhannesson, Kristján Torfason, Ólafur Jónsson, og Pétur Þorsteinsson skipaðir fulltrúar við sama embætti frá sama tíma.

S. d. var Jón Eysteinsson skipaður aðalfulltrúi við embætti bæjarfógetans í Keflavík frá 1. jan. 1973 að telja og Valtýr Sigurðsson skipaður fulltrúi við sama embætti frá sama tíma.

S. d. voru Jakob J. Havsteen og Sveinn J. Sveinsson skipaðir fulltrúar við embætti sýslumannsins í Árnessýslu frá 1. jan. 1973 að telja.

S. d. var Jón Ingi Hauksson skipaður aðalfulltrúi við embætti bæjarfógetans í Vestmannaeyjum frá 1. jan. 1973 að telja og Jón Þorsteinsson skipaður fulltrúi við sama embætti frá sama tíma.

S. d. var Rúnar Guðjónsson skipaður fulltrúi við embætti sýslumannsins í Rangárvallasýslu frá 1. janúar 1973 að telja.

S. d. var Sveinn Sigurkarlsson skipaður fulltrúi við embætti sýslumannsins í Skaftafellssýslu frá 1. janúar 1973 að telja.

S. d. var Gísli Einarsson skipaður fulltrúi við embætti sýslumannsins í Suður-Múlasýslu frá 1. janúar 1973 að telja.

S. d. var Halldór Þ. Jónsson skipaður fulltrúi við embætti bæjarfógetans á Sauðárkróki og sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu frá 1. janúar 1973 að telja.

S. d. var Jón Magnússon skipaður fulltrúi við embætti sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu frá 1. jan. 1973 að telja.

S. d. var Gísli Kjartansson skipaður fulltrúi við embætti sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu frá 1. janúar 1973 að telja.

S. d. var Hermann G. Jónsson skipaður fulltrúi við embætti bæjarfógetans á Akranesi frá 1. janúar 1973 að telja.

S. d. var Garðar Gíslason skipaður aðalfulltrúi við borgardómaraembættið í Rvík frá 1. jan. 1973 að telja og Friðgeir Björnsson og Hólmfríður Snæbjörnsdóttir skipuð fulltrúar við sama embætti frá sama tíma.

S. d. voru Axel V. Tulinius, Jónas Gústavsson, Sigurður Sveinsson, Viggó Tryggvason og Þórhallur Einarsson skipaðir fulltrúar við borgarfógetaembættið í Rvík frá 1. jan. 1973 að telja.

S. d. var Þórir Oddsson skipaður aðalfulltrúi við sakadómaraembættið í Rvík frá 1. jan. 1973 að telja og Örn Höskuldsson skipaður fulltrúi við sama embætti frá sama tíma.

5. janúar var gefið út leyfisbréf handa Garðari Garðarssyni, cand. juris. til málflutnings fyrir héraðsdómi.

11. janúar var Sæmundur Óskarsson, verkfræðingur, skipaður prófessor í rafmagnsverkfræði, fjarskiptagreinum, í verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands frá 15. sept. 1972 að telja.

17. janúar var gefið út leyfisbréf handa Sigurgeir Kjartanssyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í æðaskurðlækningum.

S. d. var séra Jóni Auðuns, dómkirkjupresti í Rvík og dómprófasti í Reykjavíkurprófastsdæmi, veitt lausn frá embætti frá 1. apríl 1973 að telja, að eigin ósk.

18. janúar var dr. Helga P. Briem veitt lausn frá sendiherrastörfum fyrir aldurs sakir frá 1. janúar 1973 að telja.

22. janúar var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Karli H. Proppé til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

25. janúar var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Guðjóni Magnússyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Árna V. Þórssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. voru Baldur Jónsson, cand. mag., dr. Broddi Jóhannesson, Eiríkur Jónsson, Gunnar Klængsson, Indriði Gíslason, cand. mag., séra Ingólfur Guðmundsson og Loftur Guttormsson, lic. és lettres, skipaðir lektorar við Kennaraháskóla Íslands frá 1. janúar 1973 að telja.

29. janúar var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Ólafi Ólafssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Hannesi Blöndal, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í líffærafræði, sérstaklega líffærafræði taugakerfis.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Friðþjófi Björnssyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í lyflækningum.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Herði Bergsteinssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Þórarinn Benedikz, skógfræðingur, skipaður sérfræðingur í skógrækt við Rannsóknastöð ríkisins að Mógilsá, Kjalarnesi, frá 1. janúar 1973 að telja.

5. febrúar var Bertrand Georges Balgueri skipaður kjörræðismaður Íslands í Bordeaux.

S. d. var Sigurður Pétursson, dýralæknir, skipaður til að vera héraðsdýralæknir í Austur-Húnaþingsumdæmi, frá 1. mars 1973 að telja.

6. febrúar var gefið út leyfisbréf handa Matthíasi Kjeld, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í meinefnafræði.

7. febrúar var Haraldur Ólafsson, fil. lic., skipaður lektor í mannfélagsfræði við námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum í Háskóla Íslands frá 1. janúar 1973 að telja.

8. febrúar var Jakobi Björnssyni veitt lausn frá prófessorsembætti í raforkuverkfræði í verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands, þar sem hann hefur verið skipaður orkumálastjóri frá þeim tíma.

S. d. var dr. Lúðvík Ingvarsson skipaður prófessor í lögfræði í lagadeild Háskóla Íslands frá 15. janúar 1973 að telja.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Guðjóni Albertssyni, cand. juris., til málflutnings fyrir héraðsdómi.

9. febrúar var gefið út veitingarbréf handa cand. theol. Valgeiri Ástráðssyni fyrir Eyrarbakkaprestakalli í Árnesprófastsdæmi.

12. febrúar var Guðrún Helgadóttir skipuð deildarstjóri félagsmála- og upplýsingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins frá 15. febrúar 1973 að telja.

16. febrúar afhenti Guðmundur Í. Guðmundsson, Urho Kekkonen, forseta Finnlands, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Helsingfors með aðsetri í Stokkhólmi.

S. d. var Ragnar Ólafsson, hrl., skipaður formaður bankaráðs Seðlabanka Íslands, Einar Olgeirsson, fyrrv. alþingismaður, skipaður formaður bankaráðs Landsbanka Íslands, og Ólafur Björnsson, prófessor, skipaður formaður bankaráðs Útvegsbanka Íslands, allir frá 1. jan. 1973 að telja.

Jafnframt voru eftirtaldir menn skipaðir varaformenn: Ingi R. Helgason, hrl., bankaráð Seðlabanka Íslands, Kristinn Finnbogason, framkvæmdastjóri, bankaráð Landsbanka Íslands, og Halldór Jakobsson, fram.kv.stj., bankaráð Útvegsbanka Íslands, allir frá 1. janúar 1973 að telja.

27. febrúar var Jóni Edwald Ragnarssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

S. d. afhenti Guðmundur Í. Guðmundsson, Svíakonungi, Gustaf VI Adolf, trúnaðarbréf sitt, sem sendiherra Íslands í Stokkhólmi.

2. marz afhenti Haraldur Kröyer, forseta Bandaríkja Ameríku, Richard Nixon, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Washington D.C.

5. marz var Gísla G. Auðunssyni, lækni, veitt embætti héraðslæknis í Húsavíkurhéraði frá 1. marz 1973 að telja.

7. marz var Jón Sveinsson skipaður tæknifræðingur í Raunvísindastofnun Háskólans, eðlisfræðistofu, frá 1. marz 1973 að telja.

12. marz var gefið út leyfisbréf handa Sigurjóni Þórarinssyni til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Ágústi N. Jónssyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarlækningum.

19. marz var dr. Valdimar Kr. Jónsson skipaður prófessor í véla- og skipaverkfræði, varma- og straumfræði, í verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands frá 15. sept. 1972 að telja.

20. marz var gefið út leyfisbréf handa Rúnari Lund til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

29. marz var gefið út veitingarbréf handa séra Þóri Stephensen til þess að vera sóknarprestur í Dómkirkjuprestakalli í Reykjavíkurprófastsdæmi frá 1. apríl 1973 að telja.

10. apríl afhenti Haraldur Kröyer, landstjóra Kanada, Roland Michener, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Kanada.

12. apríl var gefið út leyfisbréf handa Lofti Magnússyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í augnlækningum.

S. d. var Jóni Ólafssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

S. d. var Guðrún Óskarsdóttir, cand. pharm., leyst frá starfi sérfræðings í rannsóknastofu í efnafræði við Raunvísindastofnun Háskóla Íslands frá 1. apríl 1973 að telja, að eigin ósk.

13. apríl var Sigurkarli Stefánssyni, fyrrv. dósent, veitt lausn frá starfi varaformanns stjórnar raunvísindadeildar Vísindasjóðs. Í hans stað var dr. Guðmundur Pálsson, jarðeðlisfræðingur, skipaður varaformaður til loka yfirstandandi skipunartímabils deildarstjórnarinnar.

17. apríl var Othari Erni Petersen, cand. juris., veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

25. apríl var Ólafur Höskuldsson, tannlæknir, skipaður lektor í barnatannlækningum í tannlæknadeild Háskóla Íslands frá 15. apríl 1973 að telja.

27. apríl var Hal Linker skipaður kjörræðismaður Íslands í Los Angeles, Kaliforníu.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Magnúsi B. Einarssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Sigurjóni B. Stefánssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Braga Guðmundssyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í bæklunarlækningum.

30. apríl var Finnur Erlendsson skipaður kjörræðismaður Íslands með vararæðismannsstigi í Frederikshavn.

S. d. var Gunnlaugi E. Briem veitt lausn frá embætti ráðuneytisstjóra í landbúnaðarráðuneytinu, frá 1. júlí 1973 að telja.

S. d. var Sveinbjörn Dagfinnsson skipaður til að vera ráðuneytisstjóri í landbúnaðarráðuneytinu, frá 1. júlí 1973 að telja.

S. d. var Hjálmari Vilhjálmssyni veitt lausn frá embætti ráðuneytisstjóra í félagsmálaráðuneytinu, frá 1. júlí 1973 að telja, að eigin ósk.

S. d. var Oswald Dreyer-Eimbcke skipaður kjörræðismaður Íslands í Hamborg.

S. d. var María Guðrún Briand de Crevecoeur skipuð kjörræðismaður Íslands í Malaga.

3. maí var Sigurður B. Haraldsson skipaður skólastjóri við Fiskvinnsluskólann og Sigurður Óskarsson skipaður kennari við sama skóla frá 1. júlí 1973 að telja.

7. maí var gefin út löggilding handa Guðmundi Ólafssyni til þess að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi úr og á þýzku.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Magnúsi Jónssyni til þess að mega kalla sig lyfjafræðing og starfa sem slíkur hér á landi.

14. maí var gefið út veitingarbréf handa síra Árna Bergi Sigurbjörnssyni fyrir Ólafsvíkurprestakalli í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi.

15. maí var William David Carter skipaður kjörræðismaður Íslands í Boulder, Colorado.

S. d. var David Henry Watkins skipaður kjörræðismaður Íslands í Dallas, Texas.

S. d. var Ove Hede Nielsen skipaður kjörræðismaður Íslands með vararæðismannsstigi í Horsens.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Guðborgu Þórðardóttur til þess að mega kalla sig aðstoðarlyfjafræðing og starfa sem slíkur hér á landi.

16. maí var Magnúsi G. Jónssyni veitt lausn frá kennaraembætti við Menntaskólann í Rvík, frá 1. jan. 1973 að telja, að eigin ósk.

S. d. var Jónasi Thoroddsen, bæjarfógeta á Akranesi, veitt lausn frá embætti.

S. d. var dr. Agnar Ingólfsson skipaður prófessor í vistfræði í verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands frá 15. maí 1973 að telja. Jafnframt var dr. Agnari veitt lausn frá dósentsstöðu í dýrafræði frá sama tíma.

18. maí var gefið út veitingarbréf handa séra Gunnari Kristjánssyni fyrir Vallanesprestakalli í Múlaprófastsdæmi.

S. d. var gefið út veitingarbréf handa séra Sigurði Helga Guðmundssyni fyrir Eskifjarðarprestakalli í Austfjarðaprófastsdæmi.

S. d. var gefið út veitingarbréf handa séra Úlfari Guðmundssyni fyrir Ólafsfjarðarprestakalli í Eyjafjarðarprófastsdæmi.

S. d. var dr. Erlendur Haraldsson skipaður lektor í sálarfræði í heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. júlí 1973 að telja.

23. maí var séra Jónas Gíslason skipaður lektor í kirkjusögu í guðfræðideild Háskóla Íslands frá 1. júlí 1973 að telja.

24. maí var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Jóhannesi Magnússyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Birgi Guðjónssyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í lyflækningum með meltingarsjúkdóma sem hliðargrein.

30. maí var William Valdemar Nordlund, sem áður var kjörræðismaður Íslands með vararæðismannsstigi í Mariehamn á Álandseyjum, skipaður ræðismaður á sama stað.

S. d. var Jens Andersen skipaður kjörræðismaður Íslands með vararæðismannsstigi í Nyköbing, Falster.

5. júní var Hallgrímur Dalberg skipaður ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneytinu frá 1. júlí 1973 að telja.

14. júní var Vésteinn Ólason, mag. art., skipaður lektor í almennri bókmenntasögu í heimspekideild Háskóla Íslands frá 15. júní 1973 að telja.

14. júní var Allan V. Magnússyni veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

15. júní var séra Jón Kr. Ísfeld skipaður prófastur í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi frá 1. júní 1973 að telja.

S. d. var Ragnheiður Árnadóttir skipuð fulltrúi í landbúnaðarráðuneytinu frá 15. júní 1973 að telja.

S. d. var Jónas Elíasson, verkfræðingur, skipaður prófessor í byggingarverkfræði, vatnafræði og hafnargerð, í verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. júlí 1973 að telja.

18. júní var Jón Ögmundur Þormóðsson skipaður fulltrúi í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. júní 1973 að telja.

20. júní var Styrmi Gunnarssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

21. júní var Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, skipaður í stjórn Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi til sex ára.

S. d. var Þórður Björnsson, yfirsakadómari, skipaður saksóknari ríkisins frá 1. júlí 1973 að telja.

S. d. var Hrafnkeli Stefánssyni, lyfjafræðingi, veitt lyfsöluleyfið á Ísafirði frá 1. ágúst 1973 að telja.

22. júní var dr. Ólafur Ragnar Grímsson skipaður prófessor í stjórnmálafræði við námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum í Háskóla Íslands frá 1. júlí 1973 að telja. Jafnframt var honum veitt lausn frá lektorsstöðu í stjórnmálafræði frá sama tíma.

S. d. var Ingólfur A. Þorkelsson, B.A., skipaður skólameistari Menntaskólans í Kópavogi frá 1. júlí 1973 að telja. Jafnframt var honum veitt lausn frá kennarastöðu við Kvennaskólann í Reykjavík frá sama tíma.

25. júní var Egill Sigurgeirsson, hæstaréttarlögmaður, skipaður formaður matsnefndar eignarnámsbóta og Jóhannes L. L. Helgason, hæstaréttarlögmaður, varaformaður. Skipunin gildir í 5 ár, frá 22. júní 1973 að telja.

S. d. var Birni Sveinbjörnssyni, hæstaréttarlögmanni, veitt dómaraembætti við Hæstarétt frá 1. ágúst 1973 að telja.

26. júní var Ingvi S. Ingvarsson leystur frá störfum sem skrifstofustjóri utanríkisráðuneytisins frá 1. september að telja og frá sama tíma skipaður sendiherra.

29. júní var Lára Hafliðadóttir skipuð fulltrúi í félagsmálaráðuneytinu frá 15. júní 1973 að telja.

3. júlí var gefin út löggilding handa Hrefnu Beckmann til að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi úr og á þýzku.

4. júlí var Jón S. Ólafsson skipaður skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu frá 1. júlí 1973 að telja.

9. júlí var dr. Oddur Benediktsson skipaður dósent í stærðfræði í stærðfræðiskor verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands frá 1. júlí 1973 að telja.

16. júlí var Kára Sigurbergssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í lyflækningum með gigtarlækningar sem undirgrein.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Þórdísi Kristmundsdóttur til að mega kalla sig aðstoðarlyfjafræðing og starfa sem slíkur hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Steinunni R. Hjartardóttur til þess að mega kalla sig aðstoðarlyfjafræðing og starfa sem slíkur hér á landi.

17. júlí var Jónas Pálsson skipaður skólastjóri Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskóla Íslands frá 15. júlí 1973 að telja.

21. júlí var Einar Benediktsson skipaður sendifulltrúi í utanríkisþjónustunni frá 1. ágúst 1973 að telja.

23. júlí var Sigurði Sigurðssyni, héraðslækni, veitt lausn frá héraðslæknisembætti í Siglufjarðarhéraði frá 1. sept. 1973 að telja.

25. júlí var Bryndís Á. Þorvaldsdóttir skipuð íþróttakennari og Gunnar Frímannsson, fil. cand., skipaður kennari við Menntaskólann á Akureyri frá 1. ágúst 1973 að telja.

27. júlí var Bryndís Jónsdóttir skipuð fulltrúi í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu frá 15. júní 1973 að telja.

31. júlí var Robert Edward van Erven Dorens skipaður kjörræðismaður Íslands með vararæðismannsstigi í Amsterdam.

1. ágúst var Þuríður J. Kristjánsdóttir skipuð prófessor í uppeldissálarfræði við Kennaraháskóla Íslands frá 1. ágúst 1973 að telja.

18. ágúst var Andri Ísaksson skipaður prófessor í uppeldisfræði í heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. júlí 1973 að telja. Jafnframt var honum veitt lausn frá deildarstjórastöðu í menntamálaráðuneytinu frá sama tíma.

20. ágúst var Björgvin Bjarnason, bæjarfógeti, skipaður bæjarfógeti á Akranesi frá 1. október 1973 að telja.

S. d. var William Withnell skipaður kjörræðismaður Íslands með vararæðismannsstigi í Lyon.

31. ágúst var séra Rögnvaldi Finnbogasyni, sóknarpresti á Siglufirði, veitt lausn frá embætti að eigin ósk frá 1. okt. 1973 að telja.

1. sept. var Þorsteinn Gylfason, B.A. Hon., skipaður lektor í heimspeki í heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. sept. 1973 að telja.

3. sept. var Gísli Árnason, fulltrúi, skipaður deildarstjóri í forsætisráðuneytinu frá 1. sept. 1973 að telja.

S. d. var Eggert Brekkan veitt embætti héraðslæknis í Eskifjarðarhéraði frá 1. sept. 1973 að telja.

10. sept. voru Guðjón Friðriksson, B.A., og Þuríður Pétursdóttir, B.Sc., skipuð kennarar við Menntaskólann á Ísafirði frá 1. sept. 1973 að telja.

11. sept. var dr. Halldór I. Elíasson skipaður prófessor í hreinni stærðfræði í verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. ágúst 1973 að telja. Jafnframt var honum veitt lausn frá dósentsstöðu í verkfræði- og raunvísindadeild frá sama tíma.

S. d. var dr. Ragnar Ingimarsson skipaður prófessor í byggingarverkfræði, jarðtækni og grundun, í verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. júlí 1973 að telja. Jafnframt var honum veitt lausn frá dósentsstöðu í verkfræði- og raunvísindadeild frá sama tíma.

12. sept. var gefið út leyfisbréf handa Jóni Jónssyni til að stunda tannlækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Jóni Stefáni Ragnarssyni til að stunda tannlækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Gunnillu Hedvig Skaptason til að mega stunda tannlækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Jóni Birgi Baldurssyni til að stunda tannlækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Kristínu Ragnarsdóttur til að stunda tannlækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Sibillu Eiríksdóttur til að mega stunda tannlækningar hér á landi.

S. d. var dr. Halldór I. Elíasson, prófessor, skipaður forstöðumaður rannsóknarstofu í stærðfræði við Raunvísindastofnun Háskólans. Skipunartímabilið er tvö ár frá 1. ágúst 1973 að telja.

13. sept. var dr. Sigurður Friðjónsson skipaður lektor í lífeðlisfræði í læknadeild Háskóla Íslands frá 1. sept. 1973 að telja.

S. d. var Arnljótur Björnsson, lögfræðingur, skipaður dósent í lögfræði í lagadeild Háskóla Íslands frá 1. sept. 1973 að telja. Jafnframt var honum veitt leyfi án launa frá umræddu dósentsstarfi, meðan hann gegnir störfum sem settur prófessor í lagadeild Háskóla Íslands.

17. sept. var W. H. Warren veitt lausn frá störfum sem kjörræðismaður Íslands í Halifax, Nova Scotia.

18. sept. var Árni Kristjánsson, cand. mag., skipaður kennari við Menntaskólann á Akureyri frá 1. sept. 1973 að telja.

20. sept. afhenti Ingvi S. Ingvarsson, aðalritara Sameinuðu þjóðanna, Kurt Waldheim, trúnaðarbréf sitt sem fastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum.

21. sept. var Haraldur Henrysson, aðalfulltrúi, skipaður sakadómari við sakadómaraembættið í Rvík frá 1. okt. 1973 að telja.

S. d. var gefið út veitingarbréf handa séra Halldóri S. Gröndal fyrir Grensásprestakalli í Reykjavíkurprófastsdæmi.

S. d. var gefið út veitingarbréf handa séra Ólafi Jens Sigurðssyni fyrir Hvanneyrarprestakalli í Borgarfjarðarprófastsdæmi.

25. sept. var gefið út leyfisbréf handa Óla Hjálmarssyni, lækni, til að kalla sig sérfræðing í svæfingum og deyfingum, og starfa sem slíkur hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Þóri Dan Björnssyni til að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Guðmundi I. Eyjólfssyni, lækni, til að kalla sig sérfræðing í lyflækningum og blóðsjúkdómum, og starfa sem slíkur hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Þorkeli Guðbrandssyni til að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Margréti Snorradóttur til að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. afhenti Sigurður Bjarnason, settum formanni Alþýðulýðveldisins Kína, Tung Pi-Wu, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Peking með aðsetri í Kaupmannahöfn.

26. sept. var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Ingunni Helgu Sturlaugsdóttur til að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

27. sept. var Úlfi Ragnarssyni, lækni, veitt embætti héraðslæknis í Þórshafnarhéraði frá 1. okt. 1973 að telja.

28. sept. var Stefán Jónsson, fil. kand., skipaður kennari við Menntaskólann á Akureyri frá 1. sept. 1973 að telja.

S. d. var Þorvarður Kjerúlf Þorsteinsson, deildarstjóri, skipaður bæjarfógeti á Ísafirði og sýslumaður í Ísafjarðarsýslu frá 1. okt. 1973 að telja.

S. d. var Þórður Einarsson skipaður deildarstjóri í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. okt. 1973 að telja.

1. okt. var gefið út leyfisbréf handa Bessa Gíslasyni til að mega kalla sig aðstoðarlyfjafræðing og starfa sem slíkur hér á landi.

3. okt. var Jón Eysteinsson, aðalfulltrúi, skipaður héraðsdómari við bæjarfógetaembættið í Keflavík og sýslumannsembættið í Gullbringusýslu frá 1. jan. 1973 að telja.

4. okt. var gefið út leyfisbréf handa Þórarni Ólafssyni, lækni, til að mega kalla sig sérfræðing í svæfingum og deyfingum, og starfa sem slíkur hér á landi.

8. okt. var dr. Þráinn Eggertsson skipaður lektor í þjóðhagfræðigreinum í viðskiptadeild Háskóla Íslands frá 1. sept. 1973 að telja.

9. okt. var séra Sigurði S. Haukdal veitt lausn frá embætti sóknarprests í Bergþórshvolsprestakalli og embætti prófasts í Rangárvallaprófastsdæmi frá 1. des. 1973 að telja, að eigin ósk.

16. okt. var Kristín Indriðadóttir, B.A., skipuð bókavörður við Kennaraháskóla Íslands frá 1. okt. 1973 að telja.

S. d. var Árni Friðgeirsson skipaður fulltrúi á skrifstofu Menntaskólans á Akureyri frá 1. okt. 1973 að telja.

18. okt. var Jacques Couillandre skipaður kjörræðismaður Íslands í St. Malo í Frakklandi.

22. okt. var Jóni Þorsteinssyni, hdl., veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

25. okt. var Eggerti Óskarssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

31. okt. var Stefán Guðjohnsen skipaður kennari við Tækniskóla Íslands frá 1. jan. 1974 að telja.

2. nóv. var Páll Skúlason skipaður lektor í heimspeki í heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. okt. 1973 að telja.

6. nóv. var Freymóði Þorsteinssyni, bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, veitt lausn frá embætti vegna aldurs frá 1. des. 1973 að telja.

8. nóv. var gefið út veitingarbréf handa séra Gunnari Björnssyni fyrir Bolungarvíkurprestakalli í Ísafjarðarprófastsdæmi.

13. nóv. var gefin út löggilding handa Gísla G. Ísleifssyni til að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi úr og á ensku.

S. d. var Friðjón Guðröðarson, hdl., skipaður lögreglustjóri í Hafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu frá 1. jan. 1974 að telja.

S. d. var dr. Guðmundur Björnsson, yfirlæknir, skipaður dósent í augnlækningum í læknadeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið frá 1. nóvember 1973 að telja.

14. nóv. var Sveinn Björnsson, fulltrúi í viðskiptaráðuneytinu, skipaður deildarstjóri í sama ráðuneyti frá 1. nóv. 1973 að telja.

15. nóv. var Markúsi Einarssyni, forstöðumanni Vinnuhælisins að Litla-Hrauni, veitt lausn frá starfi að eigin ósk frá 1. júlí 1974 að telja.

16. nóv. voru Guðmundur Sigþórsson og Haukur Jörundarson skipaðir fulltrúar í landbúnaðarráðuneytinu frá 1. janúar 1974 að telja.

20. nóv. var Þorbjörn Karlsson, verkfræðingur, skipaður prófessor í véla- og skipaverkfræði í verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. jan. 1974

að telja. Jafnframt var honum veitt lausn frá stöðu sérfræðings við Raunvísindastofnun Háskólans frá sama tíma.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Guðmundi Hafliðasyni, til að mega stunda tannlækningar hér á landi.

S. d. var Norman Hamilton Jr., skipaður kjörræðismaður Íslands með vararæðismannsstigi í Glasgow.

21. nóv. var gefið út leyfisbréf handa Jónasi Ragnarssyni, til að mega stunda tannlækningar hér á landi.

S. d. var Hákoni Guðmundssyni, yfirborgardómara í Rvík, veitt lausn frá embætti frá 1. jan. 1974 að telja.

22. nóv. var Jóni G. Kristjánssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Alfred Clifford Huxtable skipaður kjörræðismaður Íslands í Halifax, Nova Scotia.

26. nóv. var gefið út veitingarbréf handa séra Kristjáni Róbertssyni fyrir Kirkjuhvolsprestakalli í Rangárvallaprófastsdæmi.

28. nóv. var gefið út leyfisbréf handa Gísla Á. Þorsteinssyni, lækni, til að mega kalla sig sérfræðing í geðlækningum og starfa sem slíkur hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Óskari Jónssyni til að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Sigurði Þorgrímssyni til að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

29. nóv. afhenti Guðmundur Í. Guðmundsson, forseta Austurríkis, dr. Frans Jonas, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Vín með aðsetri í Stokkhólmi.

5. des. var Jóhanni H. Níelssyni, hdl., veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Kirsti H. Óskarsson, cand. med. et chir. til að mega stunda almennar lækningar hér á landi frá og með 5. des. 1973 til jafnlengdar næsta árs.

10. des. var Ásgeir Friðjónsson, lögfræðingur, skipaður dómari í ávana- og fíkniefnamálum.

13. des. var Knúti Bruun, hdl., veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

S. d. var Kristján Torfason, fulltrúi, skipaður bæjarfógeti í Vestmannaeyjum frá 15. des. 1973 að telja.

18. des. afhenti dr. Oddur Guðjónsson, forseta ríkisráðs þýzka alþýðulýðveldisins, dr. Willi Stoph, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Berlín með aðsetri í Moskvu.

21. des. var Guðmundur Hjartarson framkv.stj., skipaður bankastjóri Seðlabanka Íslands frá 1. jan. 1974 að telja.

S. d. var Sveinbjörn Björnsson, eðlisfræðingur, skipaður deildarstjóri við jarðeðlisfræðideild rannsóknarstofu í jarðvísindum við Raunvísindastofnun Háskólans frá 1. jan. 1974 að telja.

28. des. var Benedikt Sigurjónsson, hæstarréttardómari, kjörinn forseti Hæstaréttar frá 1. jan. 1974 að telja til ársloka 1975. Magnús Þ. Torfason, hæstaréttardómari, var kjörinn varaforseti til sama tíma.

31. des. var Höskuldur Jónsson, deildarstjóri, skipaður skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu frá 1. jan. 1974 að telja.

S. d. var Kristinn Ólafsson, lögfræðingur, skipaður tollgæslustjóri frá 1. jan. 1974 að telja. Jafnframt var Ólafi Jónssyni veitt lausn frá því embætti, að eigin ósk, frá sama tíma.

31. des. var Ragnheiður Árnadóttir skipuð deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu frá 1. jan. 1974 að telja.

S. d. var Björn Ingvarsson, lögreglustjóri, skipaður yfirborgardómari í Rvík frá 1. jan. 1974 að telja.

Nr. 428.

# SENDIHERRAR OG RÆÐISMENN

## Sendiherrar.

5. febrúar afhenti Olaf Lydvo forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Noregs á Íslandi með aðsetri í Reykjavík. Um leið lét August Christian Mohr af störfum sem sendiherra Noregs á Íslandi.

26. febrúar afhenti Peter Hintzmann forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem fyrsti sendiherra Alþýðulýðveldisins Þýskalands á Íslandi með aðsetri í Osló.

3. apríl afhenti George Ploesteanu forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Rúmeníu á Íslandi með aðsetri í Kaupmannahöfn. Um leið lét Vasile Pungan af störfum sem sendiherra Rúmeníu á Íslandi.

10. apríl afhenti Nicolaos Broumas forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Grikklands á Íslandi með aðsetri í London. Um leið lét John A. Sorokos af störfum sem sendiherra Grikklands á Íslandi.

4. júní afhenti Zdeněk Roškot forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Tékkóslóvakíu á Íslandi með aðsetri í Osló. Um leið lét Jozef Križ af störfum sem sendiherra Tékkóslóvakíu á Íslandi.

18. júní afhenti Olavi Munkki forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Finnlands á Íslandi með aðsetri í Osló. Um leið lét Pentti Suomela af störfum sem sendiherra Finnlands á Íslandi.

S. d. afhenti Dermot Patrick Waldron forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Írlands á Íslandi með aðsetri í Kaupmannahöfn. Um leið lét Brendan Dillon af störfum sem sendiherra Írlands á Íslandi.

S. d. afhenti Alois Reitbauer forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Austurríkis á Íslandi með aðsetri í Kaupmannahöfn. Um leið lét dr. Johann Manz af störfum sem sendiherra Austurríkis á Íslandi.

22. júní afhenti Jacques Pradelles de Latour Dejean forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Frakklands á Íslandi með aðsetri í Reykjavík. Um leið lét Philippe Benoist af störfum sem sendiherra Frakklands á Íslandi.

21. ágúst afhenti Giulio Terruzzi forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Ítalíu á Íslandi með aðsetri í Osló. Um leið lét Gennaro de Novellis af störfum sem sendiherra Ítalíu á Íslandi.

21. ágúst afhenti Chief M. Lukumbuzya forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem fyrsti sendiherra Tanzaníu á Íslandi með aðsetri í Stokkhólmi.

23. ágúst afhenti Yuri A. Kirichenko forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Sovétríkjanna á Íslandi með aðsetri í Reykjavík. Um leið lét Sergei J. Astavin af störfum sem sendiherra Sovétríkjanna á Íslandi.

4. september afhenti Sven Aage Nielsen forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Danmerkur með aðsetri í Reykjavík. Um leið lét Birger O. Kronmann af störfum sem sendiherra Danmerkur á Íslandi.

S. d. afhenti Adbelmajid Chaker forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Túnis á Íslandi með aðsetri í Stokkhólmi. Um leið lét Mahmoud Maamouri af störfum sem sendiherra Túnis á Íslandi.

5. október veitti forseti Íslands Dimitar G. Viatchev viðurkenningu til þess að vera sendiherra Búlgaríu á Íslandi með aðsetri í Osló.